



Leiðbeinandi tilmæli
um bónusreglur váttryggjenda
í lögboðnum ökutækjatrýggingum

nr. 5/2002

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með
fjármálastarfsemi

Júlí 2002

Inngangur.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum váttryggingafélaga, sölustarfsemi þeirra og tjónsuppgjöri. Fjármálaeftirlitið skal einnig fylgjast með iðgjaldagrundvelli váttrygginga með það fyrir augum að iðgjöld, sem í boði eru hér á landi, séu sanngjörn í garð váttryggingataka og í samræmi við þá áhættu sem í váttryggingum felst og eðlilegan rekstrarkostnað. Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi heimild til að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið sendi váttryggjendum sem annast lögboðnar ökutækjatrýggingar erindi í ágúst 2000 þar sem fjallað var um iðgjaldaskrár og bónusreglur í lögboðnum ökutækjatrýggingum, og jafnframt óskað eftir upplýsingum um gildandi bónusreglur og viðhorfum váttryggjenda til tiltekinna álitafna sem snerta bónusreglurnar. Í framhaldi af því og m.a. með hliðsjón af svarbréfum tryggingafélaganna voru gerð drög að leiðbeinandi tilmælum um bónusreglur váttryggjenda í lögboðnum ökutækjatrýggingum, umræðuskjal nr. 1/2001, og voru þau send váttryggjendum sem höfðu með höndum lögboðnar ökutækjatrýggingar til umsagnar auk þess að þau voru birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins í maí 2001.

Á fundi þann 28. maí 2001 með fulltrúum fyrrnefndra váttryggjenda og Sambands íslenskra tryggingafélaga komu fram ýmis sjónarmið og gagnrýni varðandi fyrrnefnd drög. Ný drög voru gerð að leiðbeinandi tilmælum um bónusreglur váttryggjenda í lögboðnum ökutækjatrýggingum, umræðuskjal nr. 2/2002, og voru þau send fyrrnefndum váttryggjendum til umsagnar þann 13. maí 2002 auk þess sem þau voru birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins sama dag.

Þann 5. júní 2002 var fundur haldinn með fulltrúum váttryggjenda og fulltrúa Sambands íslenskra tryggingafélaga, þar sem ýmis gagnrýni kom fram á drögin. Fjármálaeftirlitið gerði því önnur drög, umræðuskjal nr. 3/2002, sem taka mið af þeim sjónarmiðum sem fram komu á fyrrnefndum fundi. Engin gagnrýni kom fram á þau drög innan þess frests sem veittur var í umræðuskjalinu (5. júlí 2002) og urðu þau því að leiðbeinandi tilmælum nr. 5/2002 um bónusreglur váttryggjenda í lögboðnum ökutækjatrýggingum.

Tilgangur bónusreglna er sá að ákveða iðgjöld miðað við einstaklingsbundna tjónareynslu, og er almennt talið að slíkt fyrirkomulag hafi í för með sér tiltekin varnaðaráhrif og hvetji öikumenn til aukinnar aðgætni í umferðinni, auk þess sem bónusreglur leiði til sanngjarnari og eðlilegri skiptingar iðgjalda á milli váttryggingataka.

Þeir váttryggjendur sem bjóða lögboðnar ökutækjatrýggingar hér á landi notast allir við bónusreglur. Fjármálaeftirlitið telur á hinn bóginn upplýst að ekki sé að öllu leyti farið eftir þessum reglum. Oft á tíðum eru viðskiptavinir með hagstæðari bónus en tjónareynsla þeirra segir til um, bæði þegar þeir hefja viðskipti og í framhaldi af tjónum.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemd við það að viðskiptavinir fái í einhverjum tilvikum hagstæðari iðgjöld en bónusreglur segja til um, en leggur áherslu á að

bónusreglur séu ekki notaðar til þess að ákveða iðgjöld viðskiptavina út frá öðrum sjónarmiðum en tjónareynslu, enda eru bónusreglur ekki forsenda þess að hægt sé að ákveða einstaklingsbundin iðgjöld eða semja við hvern og einn viðskiptavin eftir aðstæðum.

Í ljós hefur komið að bónus váttryggingataka í lögboðnum ökutækjatrýggingum er að meðaltali mjög nálægt hæsta bónus eða aðeins örfáum prósentustigum lægri en hæsti mögulegi bónus. Þetta stafar að hluta til af því að ekki er farið eftir bónusreglunum í öllum tilvikum. Þannig getur váttryggingataka verið kynntur afsláttur af grunniðgjaldi vegna góðrar tjónareynslu sem liggur nálægt hæsta mögulega bónus, þó að umrætt iðgjald sé e.t.v. það sama og váttryggingatakar greiða að meðaltali.

Bónusreglur eru hluti þeirra kjara sem váttryggjendur bjóða í tengslum við lögboðnar ökutækjatrýggingar. Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að viðskiptavinir séu upplýstir um það hvernig reglur þessar eru uppbyggðar og hver réttur þeirra samkvæmt þeim er hverju sinni. Bónusreglur váttryggjenda skulu því vera bindandi fyrir váttryggjandann á sama hátt og almennir váttryggingaskilmálar, þannig að þeim verði ekki breytt með íþyngjandi hætti nema með tilkynningu þar um til váttryggingataka, og taki þá ekki gildi fyrr en við næstu endurnýjun sammings. Slík tilhögun ætti að gera váttryggingataka kleift að taka betur mið af bónusreglum við val á váttryggjanda þar sem hann gæti treyst því að reglurnar yrðu óbreyttar gagnvart honum allt váttryggingatímabilið.

Fjármálaeftirlitið mun beita sér fyrir því að váttryggjendur, innlendir sem erlendir, fari eftir leiðbeinandi tilmælum um bónusreglur í lögboðnum ökutækjatrýggingum eftir því sem við á hverju sinni.

Leiðbeinandi tilmæli um bónusreglur í lögboðnum ökutækjatrýggingum.

Fjármálaeftirlitið gefur út eftirfarandi almenn leiðbeinandi tilmæli með heimild í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

1. gr.

Með bónusreglum er hér átt við reglur sem váttryggingafélag fer eftir við ákvörðun iðgjalds þar sem mið er tekið af einstaklingsbundnu áhættumati byggðu á tjónareynslu auk fleiri þátta. Tilmæli þessi eiga ekki við um ákvörðun iðgjalds út frá almennri áhættuflokkun, svo sem þegar iðgjald miðast við tiltekin áhættusvæði, bifreiðategund eða aldur váttryggingataka.

2. gr.

Bónusreglur váttryggingafélaga í ábyrgðartryggingum ökutækja skulu vera hluti af iðgjaldaskrá váttryggjanda og bindandi á sama hátt og almennir váttryggingaskilmálar. Váttryggingafélög sem notast við bónusreglur skulu upplýsa váttryggingataka um efni þeirra og breytingar á þeim. Í því efni skal gætt sömu sjónarmiða og við upplýsingagjöf um váttryggingaskilmála og breytingar á þeim.

3. gr.

Bónusreglur skulu að lágmarki fjalla um eftirtalin atriði:

1. Upptalningu/skýringu á bónusflokkum.
2. Með hvaða hætti váttryggingatakar færast á milli bónusflokka, m.a. hvernig váttryggingataki vinnur sig upp um bónusflokka með tjónlausum akstri eða er færður í lakari bónusflokk vegna tjónareynslu.
3. Hvenær og með hvaða hætti tjón hefur áhrif á bónus váttryggingataka.
4. Hvaða bónus nýir viðskiptavinir fá.
5. Áhrif upplýsinga um tjónareynslu frá fyrri váttryggjanda.

Hafi váttryggingafélag sett í bónusreglur sínar ákvæði til viðbótar þeim, er hér að framan voru talin, skal einnig gerð grein fyrir þeim. Sem dæmi um slík atriði má nefna:

1. Hvort tjón þurfi að ná tiltekinni lágmarksfjárhæð til að hafa áhrif á bónus.
2. Hvort það hafi einhver áhrif á bónus hver var ökumaður ökutækis sem olli tjóni.
3. Hvort váttryggingataki eigi rétt á sama bónus ef hann váttryggir annað ökutæki til viðbótar því sem þegar er váttryggt.
4. Hvort og þá með hvaða hætti réttur til bónus fýrnist, ef ökutæki hefur ekki verið skráð á nafn váttryggingataka um tiltekinn tíma.
5. Hvort sérstakar bónusreglur gildi um tiltekna flokka ökutækja, t.d. eftir gerð eða notkun þeirra, og þá hvert sé efni þeirra.
6. Með hvaða hætti váttryggingataki getur áunnið sér aftur rétt til sama iðgjalds miðað við tjónlausan akstur samkvæmt bónuskerfinu.
7. Hvort útreiknuð fjárhæð hækkun iðgjalds sé hærri en fjárhæð tjónsins.
8. Hvort váttryggingataki eigi rétt á því að greiða tjónið sjálfur telji hann það hagkvæmara miðað við útreikninga skv. 7. tl.
9. Hvort váttryggingataki eigi rétt á að fá upplýsingar um það hversu háa fjárhæð váttryggjandi hefur greitt vegna tjóns sem hann hefur valdið.

4. gr.

Váttryggingafélög skulu fara eftir þeim bónusreglum sem þau hafa sett sér, þannig að váttryggingataki sé í þeim bónusflokki sem tjónareynsla hans og bónusreglur viðkomandi váttryggingafélags segja til um.

Athugasemdir við einstakar greinar tilmælanna.

Um 1. gr.

Tilmælin eiga eingöngu við um ákvörðun iðgjalds út frá einstaklingsbundinni tjónareynslu, þ.e. þeirri tjónareynslu sem hefur áhrif á iðgjald viðkomandi váttryggingataka og varða því ekki aðrar viðmiðanir um ákvörðun iðgjalds.

Um 2. gr.

Þetta fyrirkomulag leiðir til þess að váttryggingataki getur treyst því að bónusreglur haldist óbreyttar til loka váttryggingatímabils, en ökutækjatyrggingar eru aðeins uppsegjanlegar með 1 mánaðar fyrirvara miðað við árlegan gjalddaga. Hæpið er fyrir váttryggingataka að byggja val sitt á váttryggjanda á því hvernig bónusreglur eru uppbyggðar, nema þær séu bindandi með sama hætti og almennir skilmálar og því hluti þeirra kjara sem váttryggingataka bjóðast. Vitneskja um reglurnar og breytingar á þeim er til þess fallin að auka gagnsæi í viðskiptunum og er liður í því að gera reglurnar virkar.

Um 3. gr.

Talið er eðlilegt að tiltaka þau efnisatriði sem að lágmarki skal fjallað um í bónusreglum, sbr. 1. – 5. tl. 1. mgr. 3. gr. Tilmælin gera ráð fyrir því að bónusreglur verði bindandi og er því nauðsynlegt að þær séu sem skýrastar og svari flestum þeim álitaeftum sem upp koma. Einnig eru nefnd nokkur atriði í dæmaskyni sem váttryggjendur eiga val um hvort þeir tiltaki í bónusreglum sínum, sbr. 1. – 9. tl. 2. mgr. 3. gr.

Um 3. tl. 1. mgr. 3. gr.: Fyrir kemur í smærri tjónum að þau eru tilkynnt án þess að síðar sé gerð krafa um bætur vegna þess. Þá hafa váttryggjendur í einhverjum tilvikum felld viðkomandi váttryggingataka í bónus þrátt fyrir að aldrei hafi verið greiddar bætur vegna tjónsins. Þykir því eðlilegt að kveðið sé á um það hvenær “tjón” verður að þessu leyti til þess að viðkomandi er felldur í bónus.

Um 5. tl. 1. mgr. 3. gr.: Á árinu 2000 tóku váttryggjendur upp nýtt ákvæði í váttryggingaskilmála fyrir lögboðnar ökutækjatyrggingar sem heimilar þeim að afla upplýsinga um tjónareynslu váttryggingataka hjá fyrri váttryggjanda í þessari grein váttrygginga. Rökstuðningur fyrir því ákvæði skilmála var m.a. að eðlilegt væri að tryggja að váttryggjendur hefðu á hverjum tíma réttar forsendur til að beita þeim bónusreglum sem þeir hafa sett sér. Þykir því eðlilegt að gera þá kröfu að skýrt liggi fyrir hvernig þessar upplýsingar verði notaðar og hvaða áhrif þær hafa á bónus.

Um 4. gr.

Eitt megin markmið tilmælanna er að váttryggjendur fari eftir þeim bónusreglum sem þeir hafa sett sér. Slíkt fyrirkomulag er betur fallið til að gefa raunhæfa mynd af tjónatíðni og áhættu váttryggjanda tengda einstökum váttryggingatökum. Fjármálaeftirlitið telur ekki eðlilegt að bónusreglur leiði til þess að sumir váttryggingatakar greiði uppsett iðgjald í

samræmi við iðgjaldaskrá og telji sig skuldbundna til þess á meðan aðrir fá fram lægra iðgjald. Fjármálaeftirlitið gerir hins vegar ekki athugasemd við að viðskiptavinir fái hagstæðari iðgjöld en bónusreglur segja til um vegna viðskiptalegra sjónarmiða, sem þá verði veitt í formi almenns afsláttar af iðgjaldi.

Þá er talið líklegt að ef farið er eftir bónusreglum leiði það til þess að þær verði raunhæfar og í samræmi við það sem váttryggjendur eru reiðubúnir að standa við gagnvart váttryggingataka. Ef bónusreglum er einungis framfylgt að hluta til verður staða váttryggingataka hins vegar óljós, tilviljanakennd og ójöfn. Þá þykir óeðlilegt að á sama tíma og viðskiptavinir eru bundnir af almennum áhættuatriðum sem tengjast aldri, búsetu o.fl. og greiða iðgjald í samræmi við það, sé tiltölulega auðvelt að semja um frávik frá bónusreglum sem þó eru sá mælikvarði sem ætlað er að mæla einstaklingsbundna áhættu.